

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

890. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 3. desember 2015 kl. 08:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Byggingafulltrúi Ólafur Jakobsson mætir á fundinn til viðræðna við byggðarráð.** Byggingafulltrúi leggur fram minnisblað um verkferla við afgreiðslu mála. Byggðarráð samþykkir framlagða verkferla. Verkferlar verða kynntir skipulags- og umhverfisráði.
 2. **1511040 Lagt fram tölvubréf Skíðadeildar Tindastóls, þar sem óskað er eftir stuðningi við uppbyggingu skíðasvæðis í Tindastól.** Byggðarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 100.000
 3. **1511041 Lagt fram bréf Kvennaathvarfsins, þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2016.** Byggðarráð sér sér ekki fært að styðja verkefnið að þessu sinni.
 4. **1511054 Lagt fram erindi Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga, þar sem óskað er eftir stuðningi til kaupa á nýju ómtæki.** Byggðarráð samþykkir að styrkja Hollvinasamtökin um kr. 1.000.000 og felur sviðsstjóra- fjármála- og stjórnsýslusviðs að gera tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015 og leggja fyrir sveitarstjórn.
 5. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. nóvember sl.**
 6. **Umhverfisstjóri mætir til fundar við byggðarráð.** Farið yfir minnisblað vegna útboðs á sorphirðu.
- Samþykkt bæta á dagskrá
7. **Lagt fram aðalfundarboð Róta bs.** sem haldinn verður í Menningarhúsinu Tjarnarborg, Ólafsfirði, miðvikudaginn 16. desember nk. kl. 14:00
Samþykkt að fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum verði Elín Jóna Rósinberg, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Elín R. Líndal og Ingimar Sigurðsson.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín R. Líndal

Fundi slitið kl.8:58

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir